Auglýsing.

**Hans Konúnglegu Majests. til Danmerkur og Noregs p. p.
Deputeradir og Committeradir i Rentukammer Collegio,**

Giørum vitanlegt: at þar ed vér erum þarum at raun komnir, at í Jardabókinni yfir Skálholts Biskups-stóls Fasteignir, sem ásamt Skilmálunum, med hvørium þetta Góts verdr selt, var á prent útgéfin árit 1785, finnaz ýmislegar villur; því kuungioraz hérmed eptirfylgiandi Réttíngar í áminztri jardabók, til leidarvísis vid Auctiónirnar, sem eptir Konúnglegri allranáduguztu skipan, skulu haldaz á nefndu Jarda-gótsi:

I Biarnaness-Umbodi átti Biskupsstóllinn auk annars:
Nedri Fiord.
Þórisdal hálfann.
Efri-Fiord, og
Kiellduhollt.
Undir Biarnanes liggr Medalfell.
I Skambeinstada-Umbodi er Arbær af og í eydi.
I Flóa-Umbodi: fyrir Hraungérdi eru Laugardælir.
— — — Hiálmhollt, eru a) Sydri-Gróf í Villíngaholts Þíngsókn; b) Þóroddstadir ytri í Backarholts Þs., og c) Riftún samastadar.
— — á Hróarshollti liggr eintómis Ískyllda, og
I Hreppa-Umbodi: á Efra Lánghollti í sama máta.
I Túngna-Umbodi: Uthlýd med Stockhollti, géfr í Landskulld 2 Hundr.
I Hamra-Umbodi: Stóraborg er ei Biskups-stóls-eign.
I Ølves-Umbodi: Kotferia edr Kyrkiuferia.
I Heyness-Umbodi: fyrir Hurdarbak hálft eru Refstadir.
I Austfiordum: Grímstadir hálfir.
— — Breidavad, hálft.
— — Studlar, hálfir.
— — Partr úr Papey, edr 60 álna Ískyllda.
— — Modrudalr á Fialli.
A Strøndum: I stadinn fyrir hálft Arnes, er þar einúngis 60 álna Ískyllda.

Eptir þessari Auglýsíngu verda ofanskrifadar jardir og Ískylldur hér eptir vid Auctión uppbodnar, og ef, nægileg bod fáz, tilslegnar þeim hærstbiódandi. En um eydi- og skémdar-jardir, af hvørra landskulldum, eptir løglega giordar Dómara-áreidir, fyrrum er sellt, géta Lysthafandi fengit frekari skýrslu vid Auctiónirnar hiá Commissario, og eins um Skilmálana, med hvørium þær mega seliaz.

Rentukammerit þann 31 Maii 1788.

Reventlow. Hansen. Höe. Colbiörnsen.

Kölle. Schiönning. Hansen. Wormskiold.

Budt. v. Essen. Meincke. Hammeleff.

Vorndran.